

Nd. **200. Frumvarp til laga** **[140. mál]**

um breyting á lögum nr. 61/1947, um váttryggingarfélög fyrir fiskiskip.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. gr.

- a. 2. málsg. 2. gr. laganna falli burt.
- b. Í stað orðanna „ef um algeran skiptapa er að ræða“ í 6. málsg. sömu lagagr. og málsgreinina út komi: með samþykki Samábyrgðarinnar og samkvæmt nánari fyrirmælum, er hún kann að setja.

2. gr.

Aftan við 2. málsg. 3. gr. laganna bætist: Heimilt skal með samþykki hlutað-eigandi vélbátatryggingarfélaga og Samábyrgðarinnar að váttryggja skip eða báta hjá öðrum váttryggingarfélögum, er starfa samkvæmt lögum þessum.

3. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Geti félögin ekki af eigin rammleik greitt þær tjónbætur, sem þau eru skyld til að greiða, leggur ríkissjóður það til, er á vantar, þó aldrei meira en 800000 kr.

Auk þess er heimilt að veita félögunum ríkisábyrgð fyrir lánunum, er þau kunna að taka, þó svo, að sú ábyrgð nemi ekki meiru en einni milljón króna fyrir öll félögin.

Styrkur skv. 1. málsg. er endurkræfur ásamt 4% ársvöxtum.

Ef fjárhagur félags telst ekki sæmilega traustur að áliti Samábyrgðarinnar, getur ráðherra ákveðið, að lagt skuli aukagjald á váttryggðu, sem nemi allt að 1% af váttryggingarfjárhæð skipanna á ári. Gjald þetta renni í sjóð félaganna.

Gjald þetta hefur lögtaksrétt, og fer um innheimtu þess eftir sömu reglum og innheimtu iðgjalda.

4. gr.

Síðasta (4.) málsg. 5. gr. laganna orðist svo:

Innheimtulaun af iðgjöldum, sem greidd eru Samábyrgðinni, ákveður ráðherra.

5. gr.

Síðasti másl. 3. málsg. 6. gr. laganna orðist svo: Þó þarf jafnan samþykki Samábyrgðarinnar, ef bótaupphæðin nemur 10000 kr. eða meiru.

6. gr.

2. másl. 1. málsg. 7. gr. laganna falli burt.

7. gr.

- a. Orðin „þegar váttrygging fer fram eða mannaskipti verða“ í niðurlagi 5. málsg. 8. gr. laganna falli burt.
- b. 7. málsg. sömu lagagr. falli burt.
- c. Í stað orðanna: „á fundinum“ í 1. másl. 8. málsg. sömu lagagr. komi: í félaginu.

8. gr.

Í stað orðsins „skuldar“ í 10. gr. laganna komi: gjalda.

9. gr.

- a. 5. málsg. 11. gr. laganna falli burt.
- b. 6. málsg. sömu lagagr. verði 5. málsg. og hljóði svo:
Vélbátatryggingarfélag, váttryggður og Samábyrgðin geta hvert um sig krafizt yfirmats, og skal það framkvæmt af þrem dómkvöddum, sérfróðum mönnum.
- c. 7. málsg. sömu lagagr. verði 6. málsg., 8. málsg. verði 7. málsg., 9. málsg. verði 8. málsg., og niðurlag hennar frá og með orðunum „fyrir ákveðið tímabil“ falli burt.
- d. 10. málsg. sömu lagagr. verði 9. málsg. Niðurlag hennar frá og með orðunum „enda taki hann“ falli burt.
- e. 11. málsg. sömu lagagr. falli burt.

10. gr.

1. másl. 12. gr. laganna orðist svo:

Nú er skip flutt á annað tryggingarsvæði, og skal þá eigandi, skrásetningarstjóri og vélbátaábyrgðarfélag á því svæði, er skipið flyzt frá, tilkynna það váttryggingarfélagi á því svæði, sem skipið flyzt á, og Samábyrgðinni.

11. gr.

- a. 3. málsg. 13. gr. laganna orðist svo:

Tjón á munum, sem eigi eru tryggðir beint, svo og aflatjón og annað óbeint tjón, bæta félögin aðeins þegar svo stendur á, að bátar verða fyrir slíkum tjónum vegna þess, að þeir veittu aðstoð bátum, sem tryggðir eru hjá bátaábyrgðarfélögum. Slíkar tjónbætur skulu jafnan metnar af tveim dómkvöddum mönnum, nema öðruvísi semjist, og er óheimilt að greiða meira en 50% af matsverðinu.

b. 6. málsgr. sömu lagagr. orðist svo:

Skipaeigendur annist sjálfir aðgerðir skipa sinna, nema váttryggjendur ákveði annað.

12. gr.

Aftan við 2. málsgr. 17. gr. laganna bætist: Váttryggjandi hefur rétt til að ráðstafa leifunum.

13. gr.

Síðari másl. 1. málsgr. og 2. og 3. málsgr. 24. gr. laganna falli burt.

14. gr.

Í stað orðanna „í sviksamlegum tilgangi“ í 1. másl. 25. gr. laganna komi: af hirðuleysi.

15. gr.

Á eftir orðunum „þau tjón“ í niðurlagi 2. málsgr. 29. gr. laganna komi: á skipum hans.

16. gr.

Við 3. málsgr. 30. gr. laganna bætist: Krefjast skal lögtaks, ef ofangreind gjöld hafa ekki verið greidd áður en þrjú mánuðir eru liðnir frá gjalddaga, enda séu gjalddagar iðgjalda tvisvar á ári. Ákvæði þetta snertir þó ekki gildi lögveðs- og lögtaksréttar.

17. gr.

Eftir 2. málsgr. 31. gr. laganna komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Krafa um endurgreiðslu iðgjalds verður því aðeins tekin til greina, að hún sé komin Samábyrgðinni í hendur áður en 4 mánuðir eru liðnir frá lokum váttryggingarársins.

18. gr.

34. gr. laganna orðist svo:

Ef einstök félög leggjast niður vegna þess, að tvö eða fleiri félagssvæði sam- einast, eða Samábyrgðin tekur við tryggingunum, ganga eignir þeirra til þess aðila, sem tekur við tryggingarstarfseminni á félagssvæðinu.

19. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt samkvæmt ósk samgöngumálaráðuneytisins, og áskilur nefndin sér rétt til að bera fram breytingartillögur við frv. Frv. fylgdu eftirtarandi skýringar:

Um 1. gr.

Greinin er breyt. við 2. gr. laganna. A-liður er því fólgin, að út er tekin úr greininni 2. málsgr. og hún aftur skeytt við 3. gr. laganna.

Í b-lið felst sú breyting, að heimild félaganna til að tryggja lausa muni og afla eru ekki settar jafnþröngar skorður og í lögnum. Þetta er nauðsynlegt, til þess að félögin geti á hverjum tíma verið samkeppnisfær við aðra tryggjendur á þessu sviði.

Um 2. gr.

Breyt. er sú ein, að 2. málsgr. 2. gr. laganna er flutt í 3. gr., af því að efni hennar á þar heima.

Um 3. gr.

Þessi breyt. er við 4. gr. laganna. Höfuðefni hennar er það, að ráðherra getur ákveðið, að félögin innheimti aukagjald af váttryggða, og nemur gjald þetta allt að

1% af váttryggingarfjárhæð hvers skips. Gjald þetta á að renna óskert til félaganna og á að innheimtast hjá hverju félagi, þar til fjárhagur þess telst öruggur, miðað við þá áhættu, sem félaginu er heimilt að hafa í tryggingunum.

Um nauðsyn þessa ákvæðis er það að segja, að félögin hafa nú starfað í 14 ár og engu þeirra tekizt með núverandi iðgjöldum að komast í viðunanleg efni. Réttara þótti að hafa þessa tekjuöflun félagsgjald, því að þá rennur það óskert í félagssjóð, heldur en að hækka iðgjöldin, því að með sömu iðgjaldshækkun hefðu félögin fengið aðeins lítinn hluta þeirra tekna, eða nánar tiltekið hæst 15%, sem er hámark þeirrar áhættu, sem þau hafa í hverju tryggingarnúmeri.

Annað atriði, sem felst í breytingunni, er það, að auk 800000 kr. ábyrgðar ríkissjóðs er veitt heimild til að veita félögunum ríkisábyrgð fyrir lánnum allt að einni milljón kr. samtals fyrir öll félögin.

Um 4. gr.

Breytingin er við 5. gr. laganna og er aðeins orðabreyting.

Um 5. gr.

Breytingin er við 6. gr. laganna. Hún felur það eitt í sér, að ákvarðanir um bótagreiðslur verða að ná samþykki Samábyrgðarinnar, ef þær nema 10000 kr. eða meiru. Þetta er eðlilegt sökum þess, að Samábyrgðin greiðir aldrei minna en 85% af tjónbótum.

Um 6. gr.

Breytingin er við 7. gr. laganna. Reynslan hefur sannað, að nauðsynlegt er, að báðir matsmennirnir séu sérfróðir um byggingu skipa. Hins vegar leita þeir ætíð aðstoðar um mat á þeim hlutum, sem eru utan sérkunnáttusviðs þeirra.

Um 7. gr.

Breyt. eru við 8. gr. laganna og eru að mestu orðabreytingar. Niðurfelling 7. málsg. er gerð að ósk félagsstjórna, en sú málsg. er óeðlileg og hefur torveldað, að hægt sé að ná saman lögmaetum fundum á stórum félagssvæðum.

Um 8. gr.

Breytingin er við 10. gr. laganna og er aðeins orðabreyting.

Um 9. gr.

Breytingarnar eru við 11. gr. laganna og eru aðeins lagfæring á niðurröðun efnis og orðabreytingar, að því viðbættu, að yfirmatsmenn skuli vera þrír, en reynslan hefur sýnt, að það er nauðsynlegt.

Um 10. gr.

Breytingin er við 12. gr. laganna. Grein þessi eða það efni, er hún fjallar um, er sífellt þrætuepli milli félaganna. Með breytingunni er reynt að koma í veg fyrir þennan ágreining.

Um 11. gr.

Breytingarnar eru við 13. gr. laganna. Í a-lið felst sú breyting, að felld er niður 5000 kr. hámark bótanna. Sú fjárhæð er orðin úrelt, og þykir nægilegt að binda hámarkið við 50% af tjóninu, eins og raunar var tilgangur ákvæðisins.

B-liður felur í sér aðeins þá breyt., að váttryggjendur, þ. e. félagið og Samábyrgðin, koma í stað þess, að áður var það frumtryggjandi einn, sem gat tekið þann rétt af háteiganda að sjá sjálfur um aðgerð tjóns. Reynslan hefur sýnt, að þessi breyting er nauðsynleg.

Um 12. gr.

Breyt. er gerð til þess að koma í veg fyrir ágreining, sem stundum hefur orðið um það, hver eigi að sjá um og koma skipsleifunum í verð. Þykir réttara, að vátryggjendur, sem eiga 90% af skipsleifunum, geri þetta, heldur en fyrrverandi eigandi skipsins, sem á aðeins 10% af þeim.

Um 13. gr.

Breytingarnar eru við 24. gr. laganna. Málsgr. þær, sem felldar eru niður, eru með öllu óþarfar. Sérákvæðin um opna vélbáta eru engin önnur í framkvæmd en þau, sem felast í síðustu málsgreininni.

Um 14. gr.

Breytingin er við 25. gr. laganna. Hún skýrir sig sjálf.

Um 15. gr.

Breytingin er við 29. gr. laganna. Hún þarf ekki skýringa við.

Um 16. gr.

Breytingin er við 30. gr. laganna. Innheimta iðgjalda hefur verið í megnu ólagi. Þessi óreiða hefur valdið vandræðum, bæði fyrir vátryggjendur og veðhafa í skipunum. Það er sameiginlegt álit félaganna, Samábyrgðarinnar og veðhafa, að úr þessu verði að bæta. Brtt. er ætlað að bæta úr þessu.

Um 17. gr.

Breytingin er við 31. gr. laganna. Það hefur oftlega dregizt langt úr hófi fram, að vátryggðu lýstu kröfum um endurgreiðslu iðgjalda vegna hafnarlegu eða uppistöðu skipa. Af þessu hefur oftsinnis leitt, að glatazt hefur réttur til endurgreiðslu frá hinum erlenda endurtryggjanda. Breytingin á að koma í veg fyrir slík óhöpp.

Um 18. gr.

Breytingin er við 34. gr. laganna. Greinin, eins og hún er nú í lögnum, er ekki í samræmi við 11. gr. laganna, og er því breyting þessi nauðsynleg.